# Leiklist 7.bekkur 2023-2024

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Í leiklist er nemendum mætt þar sem þeir eru staddir og áhersla sett á nemendamiðaða og einstaklinsmiðaða nálgun.

## Námsáætlun

| Tímabil | Viðfangsefni | Hæfniviðmið |
|---|---|---|
| Vika 1 | Samhristingur, traust, grunnæfingar leiklistar lagðar. | • Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi<br>• Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi<br>• Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína |
| Vika 2 | Innlögn á Spuna og æfingar út frá því | |
| Vika 3 | Vinna með texta/lög | |
| Vika 4 | Einfaldir leikþættir með upphafi miðju og endi unnir í hópum | |
| Vika 5 | Undirbúningur fyrir lokasýningu í samstarfi við verkgreinarnar | |
| Vika 6 | Lokasýning. | |

## Grunnþættir menntunar

Aðallega er unnið með sköpun þar sem nemendur fái tækifæri til að sýna styrkleika sýna og sköpunarkraft með því að uppgötva, njóta, virkja ímyndunaraflið og leika sér með möguleika.

## Námsmat

Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og byggir á metanlegum hæfniviðmiðum sem valin hafa verið, ásamt því sem horft er til virkni, samvinnu og sjálfstæðis. Leiklistarkennsla hverfist í eðli sínu um leiðsagnarmat og hlustun á getu og framför hvers nemanda fyrir sig.

Sjálfsmat

Leiðsagnarmat

## Hlutverk og vinnulag nemandans

| | |
|---|---|
| Samskipti | Virðing er leiðarljós í samskiptum |

| | |
|---|---|
| Mæting | Nemendur bera ábyrgð á eigin vinnubrögðum og ber skylda að mæta á réttum tíma og vera virkt í tímum. |
| Virkni í tímum | Taka verkefnum alvarlega með jákvæðu viðhorfi |
| Heimavinna | Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. |
| Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur | Nemendur eru hvattir til að taka lærdóm vikunnar með sér inn í hversdagsleikann og sjá hvernig æfingar, aðferðir og viðfangsefni tímanna endurspeglast í honum. |
| Skyldur nemenda | Að taka verkefnum alvarlega og taka virkan þátt. Virða samnemendur sína og skoðanir þeirra. Stuðla að öruggu og jákvæðu umhverfi. Sýna tillitsemi, prúðmennsku og leyfa ímyndaraflinu að stjórna förinni. |
| Skyldur kennara | Að taka námefninu alvarlega og taka virkan þátt í sköpun með nemendum. Virða nemendur og skoðanir þeirra. Stuðla að öruggu og jákvæðu umhverfi. Sýna tillitsemi, prúðmennsku og leyfa ímyndaraflinu að stjórna förinni. |